

Heilsa fatlaðs fólks

Gerður A. Árnadóttir heimilislæknir

Febrúar 2020

Heilbrigðisþjónusta

- Hver maður á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma
-einnig fólk með fatlanir
 - þroskahömlun....
 - á einhverfurófi....

Ný sýn - rannsóknir

- Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks
 - 25.gr. Heilsa
- Closing the gap - Bretland
- POMONA I og II – á vegum ESB, skoðun á heilsuvísnum
- NAKU rapport: Helseoppfølging av personer med utviklingshemming
- Onödig ohalsa – Svíþjóð
- Framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks
- Fötlun og heilsa – Ísland 2017

Fötlun og heilsa – Ísland 2017

- Hærri tíðni heilsuvanda
- Hærri tíðni geðraskana
- Há tíðni ofbeldis
- Áhrif fjárhagsvanda
- Kynjamunur

Hver á að sinna heilsugæslu við fólk með þroskahömlun ?

- Heilsugæslan - lykilaðili
 - Heimilislæknar
 - Ráðgjöf hjúkrunarfræðinga og annarra starfsmanna
 - Heimahjúkrun – sami réttur og annars fólks !!!
 - Brýnt að tryggja þekkingu og samfellu í þjónustunni
- Sérfræðilæknar og sjúkrahús eftir þörfum

Heilsufar

- Ómeðhöndlaðir sjúkdómar hjá einstaklingi með þroskahömlun auka fötlun hans
 - Vanlíðan og verkir
 - Minnkuð færni í daglegu lífi, minni sjálfsbjörg
 - Minni virkni og vinnugeta
 - Aukin þörf fyrir umönnun og sérhæfð úrræði
 - Sjálfstæði minnkar
 - Lífsgæði skerðast

Heilsufar

- Brýnt að fyrirbyggja, greina og meðhöndla sjúkdóma og hegðunarvanda sem eykur fötlun einstaklingsins
- Mikilvægt að horfa ekki fram hjá heilsuvanda, ekki allt hluti af fötluninni !

Heilbrigði

- Líkamlegt
 - Andlegt
 - Félagslegt
-
- Hvergi í raun eins skýrt eins og hjá einstaklingum með þroskahömlun

Heilbrigði – áhrifaþættir

- Erfðir- upplag
- Umhverfi – aðstæður
- Lífsstíll
 - Mataræði
 - Hreyfing
 - Fíknir
- Lyf
- Fjárhagsleg staða
- Fötlun

Sérstaða hópsins

- Þroskahömlun
 - Skert vitræn geta ásamt minni færni:
 - Mál og tjáning
 - Félagsleg færni
 - Hreyfigetu / samhæfingu hreyfinga
 - Aðlögunarhæfni minni

Sérstaða hópsins

- Margbreytileikinn
 - Mismunandi stig þroskahömlunar
 - Fylgiraskanir / sjúkdómar algengari með meiri fötlun
 - Einstaklingar ólíkir þó sama tegund fötlunar sé til staðar
 - Áhrif á sjúkdómatíðni og dánarlíkur

Sérstaða - aldur

- Eldri einstaklingar
 - Frískir – hafa lifað af !
 - Sumir með menjar sjúkdóma/ ástands sem í dag eru meðhöndlaðir betur
 - Snemmkomin öldrun áberandi hjá ákveðnum hópum
 - litningafrávik, alvarleg skerðing
 - Stofnanavist – afleiðingar
 - Heilsukvillar efri áranna bætast ofan á áhrif fötlunar

Sérstaða - aldur

- Yngri einstaklingar
 - Heilsufar í samræmi við fötlun / aldur
 - Minna um reykingar, áfengi, fíknisjúkdóma
 - Offita
 - Vaxandi vandi, mikil áhrif á heilsufar
 - Afleiðing sjálfstæðis og aðlögunar?
 - Mikilvægt að leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl
 - Ofbeldi
 - Áhættuhópur fyrir líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi
 - Sérstök áhætta tengt óhefðbundinni tjáningu, einangrun, sértækum úrræðum, mikilli starfsmannaveltu

Hafa í huga

- Sjálfsákvörðunarrétturinn
- Ábyrgð á eigin lífi
- Umönnunarskylda

- Virðing
- Hvað er fólki fyrir bestu og hver ákvarðar það ???

Heilsufar fólks með þroskahömlun

- Aldurstengdir heilsukvillar
 - Sömu kvillar og annað fólk fær
 - Óháð fötlun
 - Ættlægir sjúkdómar – ættarsaga mikilvæg
 - Dæmi:
 - Lífsskeiðstengdir þættir: unglingsbólur, breytingaskeið kvenna, stækkun á blöðruhálskirtli
 - Aldurstengdir kvillar: háþrýstingur, hjarta – og æðasjúkdómar

Heilsufar

- Afleiðingar fötlunar
 - Ástand sem er bein afleiðing af fötlun
 - Dæmi:
 - Slitgigt hjá einstaklingi með CP
 - Lungnabólga sem afleiðing slakrar vöðvaspennu sem er hluti af fötlun einstaklings

Heilsufar

- Heilsukvillar tengdir fötlun
 - Fylgisjúkdómar / fatlanir
 - Dæmi:
 - Hjartagallar sem tengjast litningafrávikum
 - Heilabilun hjá einstaklingi með Downs heilkenni
 - Heilsuvandi tengdur heilkennum/litningarfrávikum – vaxandi þekking

Heilsufar

- Snemmkomin öldrun
 - Tengist litningafrávikum / heilaskaða
 - Öldrunareinkenni yngri en ófatlaðir einstaklingar
 - Hefur veruleg áhrif á heilsu
 - Eykur þörf fyrir sérhæfða þjónustu
 - Áhrif á lífsgæði

Geðheilsa

- Geðraskanir algengari meðal fólks með þroskahömlun en annarra
- Áður vangreindir sjúkdómar
- Vaxandi meðvitund um þessa sjúkdóma, mikilvægi þess að fyrirbyggja, greina og meðhöndla

Geðheilsa

- Geðraskanir auka verulega fötlun einstaklinga með þroskahömlun og þeir þola þessa sjúkdóma verr en aðrir
- Mikil áhrif á lífsgæði
- Lyfjameðferð sérstaklega mikilvæg hjá þessum hópi fólks sem hefur ekki alltaf forsendur til að nýta önnur meðferðarform

Einhverfurófsraskanir og heilsa

- Aukin tíðni geðraskana
 - Kvíði mjög algengur
- Auknar dánarlíkur tengt einhverfu, x2-10
 - Einkum ef saman fara þroskahömlun og einhverfa
 - Heilsuvandi – **flogaveiki**, hjarta- og lungnasjd, geðraskanir
 - Konur>karlar
- Ástæður ótímabærs dauða:
 - Ásamt þroskahömlun – flogaveiki
 - Án þroskahömlunar – sjálfsvíg
 - Oft tengt þunglyndi, Asberger sx

Einhverfurófsraskanir og heilsa

- Aukin dánartíðni tengt einhverfurófsröskunum
 - Viðkvæmur hópur, aukin sjúkdómatíðni
 - Sjúkdómar síður greindir og meðhöndlaðir
- Þörf fyrir aukna þekkingu heilbrigðisstarfsfólks
- Heilsu- og lífsstílsáherslur mikilvæg forvörn
- Styðja þarf einstaklingana betur til að tjá eigin líðan og leita sér aðstoðar og meðferðar

Atferlisraskanir - orsakir

- Geðrænir sjúkdómar
 - Hegðunarraskanir, ADHD
 - Þunglyndi og kvíði
- Breytingar í umhverfi, viðbrögð við aðstæðum
- Skert tjáning
- Svefntruflanir
- Verkir
- Sýkingar
- Aukaverkanir lyfja
- Flogavirkni
- Heyrnarskerðing
- ...hafa í huga hvað kemur á undan...